


Umhverfisstofnun
Áb. <u>BS</u>
14 MARS 2008
<u>54.52</u>
Tilv <u>UST20080300023</u>

Skipulagsstofnun  
Rut Kristinsdóttir  
Laugavegi 166  
. 150 Reykjavík



Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24  
IS-108 Reykjavík, Iceland

© (+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010  
[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)  
[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Reykjavík, 14. mars 2008  
Tilvísun: UST20080300023/bs

### Bráðabirgðavegur við Kárahnjúkastíflu, austan Hafravammagljúfurs.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 3. mars sl. þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða lagningu bráðabirgðaslóðar á austurbakka Jökulsár á Dal. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er innan svæðis nr. 615 á náttúruminjaskrá. Ítarlegar rannsóknir hafa farið fram á þessu svæði. Lyngmói er ríkjandi gróðurflokkur. Ekki er talið að fuglar á válista verpi á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Umhverfisstofnun hefur með bréfi dags. 25. febrúar sl. gefið umsögn um ofangreinda framkvæmd. Þar kom fram að stofnunin gerði ekki athugasemdir við framkvæmdina, þar sem talið var að það verklag sem ráðgert er að viðhafa við framkvæmdina muni tryggja að áhrif hennar ættu einungis að verða tímabundin áhrif á gróður. Fyrirhugað er að leggja slóðina á jarðvegsdúk í eins þunnu lagi og unnt er. Slóðin verður fjarlægð þegar framkvæmdum í gjúfrinu lýkur.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að ofangreind framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst  
  
Björn Stefansson

Guðríður Þorvarðardóttir